

Íslandslax
Ólafur Wernersson
Pbox 55
240 Grindavík

2000100025
8000; 9310

Reykjavík, 3. apríl 2001
/--

Efni: Priggja ára tilraun á laxeldi í sjókvíum í Klettsvík, Vestmannaeyjum. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Íslandslax hf. dags. 2. október og 23. nóvember 2000 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhugað sjókvíaeldi á 4000 tonnum á ári af laxi í Klettsvík í Vestmannaeyjum, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vestmannaeyjabæjar, Náttúruverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Erindið var einnig kynnt Halli Hallssyni f.h. Ocean Futures samtakanna vegna háhyrningsins Keikós.

Umsagnir bárust frá Vestmannaeyjabæ með bréfum dags. 1. og 7. desember 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 7. desember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 11. desember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 11. desember 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 18. desember 2000. Athugasemd barst frá Halli Hallssyni f.h. Ocean Futures samtakanna með bréfi dags. 7. desember 2000 og með bréfi dags. 26. febrúar 2001 þar sem fram kemur breytt afstaða.

Þann 16. mars 2001 birti landbúnaðarráðuneytið auglýsingu um friðunarsvæði, þar sem eldi frjórri laxa (Salmon salar) í sjókvíum er óheimilt. Vestmannaeyjar eru utan friðunarsvæða samkvæmt auglýsingunni.

Íslandslax hf. svaraði ekki ofangreindum umsögnum og athugasemd en tilkynnti þess í stað breytingu á fyrirhuguðu eldi með bréfi dags. 20. mars 2001 þar sem í stað 4000 tonna framleiðslu á ári er gert ráð fyrir 3 ára tilraun á eldi í sjókvíum með hámark 1000 tonna framleiðslu af laxi á ári. Skipulagsstofnun sendi Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóra, sem höfðu talið fyrirhugaða framkvæmd matsskylda, bréf framkvæmdaraðila frá 20. mars 2001, um breyttar forsendur til umsagnar og barst umsögn Náttúruverndar ríkisins með bréfi dags. 22. mars 2001 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 21. mars 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd

Í framlögðum gögnum Íslandslax hf. kemur fram að ráðgert var að hefja eldi á allt að 4000 tonnum á ári af laxi af íslenskum laxastofni af norskum uppruna. Í upphafi sé ekki gert ráð fyrir heilsárseldi heldur hvíla svæðið í þrjá mánuði á ári en ef aðstæður reynist öruggar sé stefnt að heilsárseldi. Að fengnum umsögnum um upphaflega tilkynningu breytti fyrirtækið áformum sínum í 3 ára tilraun með hámark 1000 tonna framleiðslu á ári. Tilgangur tilraunarinnar er að afla gagna um hugsanlega hættu á erfðablöndun og samspili eldislax og villtra laxa þar sem ekki liggja fyrir óyggjandi gögn um hvort laxeldi sé ógn við villta laxastofna og þá hversu miki. Fram kemur að tilraunin verði í samstarfi við veiðimálastjóra, Veiðimálastofnun og Rannsóknasetrið í Vestmannaeyjum.

Smálax til sleppingar í kvíar mun koma frá landeldi Íslandslax hf. í Grindavík. Fyrirhugað er að staðsetja eldiskvíarnar í Klettsvík inn af innsiglingunni nyrst á Heimaey. Gert er ráð fyrir að nota áthyrndar kvíar af Bridgestone gerð eða hringlaga plastkvíar 60-96 m að ummáli og 10 m djúpar. Fyrirhugað er að fóðra laxinn úr bát eða af fóðurpramma og er fóðurþörf áætluð um 1,2 kg fyrir hvert kg í vexti eldisfisks. Fiskurinn verður fluttur lifandi frá kvíum í fiskvinnsluhúsnæði í Vestmannaeyjum þar sem honum verður slátrað.

Laxeldinu fylgir losun á lífrænum úrgangi frá eldisfiski og fóðurleifum sem getur valdið staðbundinni mengun undir eldiskvíum ef hann safnast þar fyrir í miklum mæli. Ef súrefnissnauð setlög myndist undir kvíunum, vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs, hafi það óæskileg áhrif á eldisumhverfið og sé það hagur framkvæmdaraðila að halda myndun þeirra í lágmarki. Tekin verða botnsýni undir kvíunum og þær færðar til ef talin verður ástæða til, til að dreifa álagi á umhverfið.

Íslandslax hf. bendir á að í Klettsvík hafi um sex ára skeið verið stundað laxeldi af sömu stærðargráðu og fyrirhugað tilraunaeldi og ekki sé að finna nein ummerki um það. Framkvæmdaraðili telur að skilgreina megi Klettsvík sem síður viðkvæmt svæði skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Samkvæmt upplýsingum Íslandslax hf. eru næstu laxveiðiár, Geirlandsá, Eldvatn, Kerlingadalsá og Vatnsá, Rangárnar og Ölfusá. Íslandslax hf. telur framkvæmdina ekki matsskylda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.a. þar sem losun lífrænna efna verði ekki í þeim mæli að um óafturkræf áhrif verði að ræða sbr. reynslu af fyrra laxeldi á svæðinu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Bæjarráð Vestmannaeyja telur framkvæmdina ekki matsskylda. Niðurstaðan er studd með þeim rökum að svæðið sé síður viðkvæmt samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reynsla af fiskeldi í Klettsvík gefi hvorki til kynna uppsöfnun næringarefna og úrgangs þar né að hætta sé á að kvíar gefi sig ef viðhaldi og eftirliti er sinnt sem skyldi. Staðsetningin sé hentug til rannsókna á því hvort erfðablöndun muni eiga sér stað og hver áhrif gagnvart villtum stofnum eru, vegna fjarlægðar frá ósum

mikilvægra laxveiðiáa.

Mengun frá lífrænum úrgangi og áhrif á lífríki

Í álitum Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að í langvarandi stillum geti fóðurleifar safnast fyrir undir kvíunum en þar sem mjög vindasamt sé í Vestmannaeyjum séu miklar líkur á að þær rótist upp annað slagið og berist út fyrir innsiglinguna og þynnist mjög fljótt. Hins vegar sé hættu á að lífrænar leifar berist inn í höfnina sjálfa og safnist þar fyrir en reglubundin dæling á sandi sem berst inn í höfnina dregur úr hættu á að þar verði mikil uppsöfnun. Telja verði litlar líkur á að lífrænn úrgangur valdi víðtækum skaða á lífríki Vestmannaeyja.

Í álitum Hollustuverndar ríkisins kemur fram að mestar líkur séu á að vegna sjóskipta megi skilgreina svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Um sé að ræða hreyfanlega starfsemi og komi upp staðbundin vandamál vegna næringarsalta og lífræns úrgangs frá starfseminni eigi að vera hægt að færa kvíarnar til og því sé jafnan ekki um óafturkræf áhrif að ræða. Stofnunin telji eðlilegt að fyrirtækið leggi fram gögn um að stöðin hafi ekki áhrif á aðra starfsemi á svæðinu eða leggi á hana takmarkandi byrðar umfram það sem nú er og hvort fyrirhuguð starfsemi sé utan áhrifasvæðis skólpmengunar.

Í símbréfi frá Íslandslax hf., 21. mars 2001, er staðfesting bæjartækniþróunar Vestmannaeyja á því að ekkert skólp renni úr útrásum fráveitna Vestmannaeyjabæjar í Klettsvík.

Erfðafræðileg og sjúkdómstengd áhrif og áhrif af völdum sníkjudýra

Í álitum Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að laxastofninn sem á að nota verður mjög seint kynþroska og ef lax sleppur úr kvíunum verði hann að leita fæðu í hafinu í 1-3 ár áður en hann leiti upp í ferskvatn og á þeim tíma megi búast við talsverðum afföllum. Næstu laxveiðar eru Rangárnar en þar er veiði haldið uppi með sleppingu gönguseiða og því skapi laxeldi í Kleppsvík enga hættu á erfðablöndun í þeim. Næstmesta laxasvæði á Suðurlandi sé vatnasvæði Ölfusár en vegna fjarlægðar og hve seint eldislaxinn verði kynþroska séu litlar líkur á erfðablöndun. Við fyrirhugað eldi sé laxinn fyrst alinn í kerum á landi þar sem hægt sé að útiloka lúsasmit. Framhaldseldi í sjó, yfir takmarkað tímabil, dragi úr líkum á lúsafaraldri og til þessa hafi laxalús ekki verið vandamál í kvíeldi hér við land.

Í álitum Náttúruverndar ríkisins er bent á að stofnunin hafi margoft talið nauðsyn á að fram fari mat á umhverfisáhrifum þegar fyrirhugað er sjókvíeldi og nota á norskan eldislax og að einnig skorti stefnumörkun stjórnvalda á landsvísu. Vestmannaeyjar geti verið sá staður þar sem ekki ætti að vera mikil hættu á að sjókvíeldi valdi skaða á villtum íslenskum laxastofnum bæði hvað varðar hættu á dreifingu sjúkdóma og erfðablöndun en það þurfi að kanna betur. Vísað er til fyrri umsagna um sjókvíeldi og mælt með því að fram fari mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs eldis, sérstaklega vegna þess að hvorki liggur fyrir nein stefnumótun né mat á því hvar staðsetning sjókvíeldis við strendur Íslands sé heppilegast.

Í frekara álitu Náttúruverndar ríkisins er fagnað fram kominni stefnumörkun stjórnvalda sem felst í nýrri reglugerð landbúnaðarráðuneytisins sem bannar laxeldi á ákveðnum stöðum á landinu en bent er á að samt sem áður þurfi að kanna í einstökum tilfellum hvort fyrirhugað laxeldi sé háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin leggst ekki gegn því að veitt verði undanþága frá mati á umhverfisáhrifum á fyrirhuguðu laxeldi, 1000 t/ár, svo fremi sem að ekki verði veitt rekstrarleyfi fyrir en rannsóknaráætlun, samþykkt af Veiðimálastofnun og veiðimálastjóra, liggur fyrir. Í því samabandi er bent á að auk rannsókna á og öflun gagna um erfðablöndun og samspil villtra laxa og eldislax þurfi einnig að fylgjast vel með öðrum umhverfisþáttum s.s. mengun, fóðurnýtingu, sjúkdómum og sníkjudýrum og "samskiptum" annarra sjávarlífvera (fiska) við sjókvíaelðið, t.d. hvernig aðrir fiskar notfæra sér fóðurgjöf og hvort hætta sé á að sjúkdómar dreifist þannig. Einnig þurfi allar leyfisveitingar að gera ráð fyrir að hægt sé að stöðva reksturinn ef í ljós kemur að hann valdi óásættanlegum áhrifum á umhverfið.

Í álitu veiðimálastjóra kemur fram að vegna nálægðar fyrirhugaðs laxeldis við gjöfulustu laxveiðisvæði á Suðurlandi og í ljósi fyrri reynslu af laxeldi ISNO í Klettsvík, telji hann að fyrirhugað laxeldi Íslandslax hf. skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekara álitu veiðimálastjóra kemur fram að hann telur, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, að hægt sé að heimila allt að 1000 tonna tilraunaeldi til 3 ára án undangengins mats á umhverfisáhrifum, þar sem ýmsar grunnupplýsingar vanti til að komast að niðurstöðu í slíku mati varðandi áhrif eldisins á villta stofna. Þess sé vænst að niðurstöður rannsókna verði nýttar að þremur árum liðnum til að meta umhverfisáhrif eldisins í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og slíkt mat verði forsenda aukningar í framleiðslu eldisstöðvarinnar í lok tilraunar.

Í umsögn Veiðimálastofnunar til veiðimálastjóra, sem fylgdi frekari umsögn veiðimálastjóra, kemur fram að almennt styðji Veiðimálastofnun að fiskeldisframkvæmdir séu háðar mati á umhverfisáhrifum. Engu að síður sé ljóst að staðir við strendur landsins séu misviðkvæmir og að þekkingu skorti á ýmsu er lýtur að matinu og hún fáist ekki nema með tilraunum og reynslu af fiskeldisstarfsemi. Skilyrði fyrir laxeldi í Vestmannaeyjum séu að mörgu leyti ákjósanleg. Sjávarhiti sé þar hvað hæstur við strendur landsins en veðurfar hins vegar rysjótt. Í Vestmannaeyjum hátti svo til að langt sé í næstu ár með náttúrulegum laxastofnum. Því stafi ekki bein hætta af sníkjudýrum og sjúkdómum eins og þar sem náttúrulegur lax þarf að synda í gegnum eldissvæði. Sjóskipti virðist vera ör í Klettsvík ef dæma má af fyrri reynslu af fiskeldi í vikinni og því ekki líkur á mengun. Stærsta spurningin sé hvert lax færi sem kynni að sleppa þaðan úr eldi. Færi hann í laxveiðiár á meginlandinu og ylli þar erfðablöndunarhættu eða hyrfi hann án þess að valda vandræðum? Vitað sé út frá reynslu og rannsóknum að lax, sem sleppur úr kvíum, leiti þegar kynþroska er náð á sleppistað. Þaðan leiti hann í ferskvatn í nágrenninu. Hvað lifi af laxi sem sleppur sé bæði háð stærð hans og ekki síður árstíma. Lax sem sleppi að vetri lifi mun verr. Að heimfæra þessa almennu þekkingu á Vestmannaeyjar sé erfitt og í raun sé ómögulegt að segja, án tilrauna, hvort og þá hvar og í hvaða mæli lax sem slyppi kæmi fram.

Einnig sé mikilvægt að fá reynslu af laxeldi í Eyjum, hvort það reynist hagsælt og gangi án vandræða. Umfang tilraunarinnar og tímalengd sé við það miðuð að hún gefi svör við þessum spurningum. veiðimálastofnun sé reiðubúin að leiða þær tilraunir og rannsóknir sem þörf sé á í samvinnu við Íslandslax hf. og aðra rannsóknaaðila. Stofnunin styður því umsókn Íslandslax hf. sem nauðsynlegan undanfara mats á umhverfisáhrifum.

Áhrif á nytjastofna og aðra starfsemi

Í áliti Hafrannsóknastofnunar kemur fram að mjög litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi valdi skaða á villtum nytjastofnum í sjó við Vestmannaeyjar enda ekki vitað til að slíkt hafi gerst annarsstaðar t.d. í Noregi. Strandeldi á lúðu við Þorlákshöfn og laxeldi á Stað í Grindavík byggi á sjódælingu úr borholum og vegna fjarlægðar séu hverfandi líkur á smiti milli laxeldis í Vestmannaeyjum og þessara fyrirtækja. Þar sem kvíunum verði fyrir komið í samráði við Hafnarstjórn Vestmannaeyja ætti annarri hafnsækinni starfsemi ekki að stafa hættu af eldinu.

Í athugasemd Ocean Futures samtakanna er bent á að Klettsvík er girt af fyrir háhyrninginn Keikó. Vonir standi til að honum verði sleppt út í villta náttúru fyrir lok júní 2001 en allavega sé stefnt að því að hann verði á brott frá Vestmannaeyjum fyrir 1. september 2001. Ljóst sé að laxeldi og Keikó eigi ekki samleið í Klettsvík og því er lagst gegn laxeldi í Klettsvík fyrir en eftir 1. september 2001.

Í frekara áliti Ocean Futures samtakanna er tekið fram að samtökin leggist ekki gegn áformum um laxeldi í sjókvíum í Klettsvík sumarið 2001 svo framarlega sem magn í kvíum fari ekki yfir 250 tonn í ágúst 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 3 ára tilraunaeldi í sjókvíum á allt að 1000 tonnum á ári af laxi, af íslenskum laxastofni af norskum uppruna, í Klettsvík í Vestmannaeyjum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað eldi kynþroska lax í sjókvíum í Vestmannaeyjum er utan friðunarsvæða samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins nr. 226 frá 15. mars 2001.

Í framlögðum gögnum kemur fram að hættu á mengun í Klettsvík vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs er ekki talin veruleg og með skipulögðu eftirliti sé hægt að fylgjast með henni og grípa til ráðstafana, svo sem að færa kvíarnar til, ef þörf er á.

Í umfjöllun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á laxi af norskum uppruna hefur ítrekað verið bent á takmarkaðar upplýsingar og reynslu af áhrifum þess að lax sleppi úr kvíum á búsvæði, sjúkdóma, sníkjudýr og erfðablöndun í villtum laxa- og silungastofnum. Tilraunaeldi tengt skipulegum rannsóknum og vöktun er nauðsynlegt til að varpa ljósi á áhrif laxeldis á villta laxastofna.

Fjarlægð Vestmannaeyja frá laxveiðiám er töluverð og í umsögnum hefur komið fram að hættu á neikvæðum áhrifum af völdum eldislax af norskum uppruna í Klettsvík á laxastofna í nærliggjandi ám sé ekki talin veruleg, miðað við almenna þekkingu á laxi er sleppur úr

eldiskvíum. Tilraunaeldi í Klettsvík mun væntanlega varpa ljósi á hvort lax sem sleppur þaðan muni með erfðablöndun eða áhrifum á búsvæði hafa áhrif á lax á Suðurlandi. Hins vegar er villtum laxastofnum ekki talin stafa bein hættu af sníkjudýrum og sjúkdómum er kunna að verða í Klettsvík þar sem villtur lax syndi að líkindum ekki í gegnum eldissvæðið.

Mikilvægt er að rekstrarleyfi sé ekki veitt fyrir en rannsóknáætlanir og upplýsingar um hverjir standa að rannsóknunum liggja fyrir.

Tryggja þarf að starfsemin samræmist öðrum rekstri á svæðinu og minnt á ósk umsjónaraðila háhyrningsins Keikós um að að lífmassi í sjókvíum fari ekki yfir 250 tonn fyrir lok ágústmánaðar og á móti bent á að tryggt sé að eldi Keikós hafi ekki hættur í för með sér fyrir laxeldið. Þá þarf að tryggja að umferð báta og skipa geti ekki skapað hættu á skemmdum á sjókvíum sem geti leitt til að lax sleppi.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir, athugasemd og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli framlagðra gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað 3 ára tilraunaeldi á laxi í sjókvíum í Klettsvík í Vestmananeyjum, allt að 1000 tonn á ári, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Frekara eldi á laxi í sjókvíum í Klettsvík, umfram þessa tilraun og yfir 200 tonna framleiðslu á ári er háð tilkynningu og ákvörðun um matsskyldu og eftir atvikum úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar, starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og rekstrarleyfi veiðimálastjóra.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. maí 2001.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit.
Vestmannaeyjabær
Umhverfisráðuneytið
Hafrannsóknastofnun
Hollustuvernd ríkisins
Náttúruvernd ríkisins
Veiðimálastjóri
Ocean Futures